

02-367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla

2020-2021

20. ágúst 2021

Freydís Bjarnadóttir

Hermann Hermannsson

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir

María Kúld Heimisdóttir



Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	4
2	Starfsemi skólans.....	5
2.1	Námsbrautir í FSN.....	5
2.2	Markmið og hlutverk.....	6
2.3	Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál.....	7
2.4	Nám og kennsla.....	8
2.5	Námsmat.....	9
2.6	Nýir áfangar og nýjar brautir.....	10
2.7	Erasmusverkefni.....	11
2.8	Skólaráð.....	11
3	Sjálfsmat í FSN.....	11
3.1	Um námsárangur.....	13
3.2	Kennslumat.....	13
3.3	Sjálfsrýni kennara.....	13
3.4	Stofnun ársins 2020.....	14
3.5	Framhaldsskólapúlsinn.....	15
3.6	Viðhorfskannanir.....	16
3.7	Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta.....	16



3.8	Þrjú orð sem lýsa FSN - Könnun meðal nemenda	19
3.9	Viðhorfskönnun vegna breyttrar stundaskrár	19
3.10	Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla	21
3.11	Viðhorfskönnun útskriftarnema	23
3.12	Rýniviðtöl	25
3.13	Rýniviðtal við nemendur í Framhaldsdeild 3. nóvember 2020	25
3.14	Rýniviðtal við kennara í 16. nóvember 2020	26
3.15	Rýniviðtal við útskriftarnema haustönn 2020	26
3.16	Rýniviðtal við nemendur við Framhaldsdeild FSN í febrúar 2021	27
3.17	Rýniviðtal við nemendur vegna nýrrar stundatöflu í apríl 2021	28
3.18	Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2021	29
4	Húsfundir með nemendum og starfsfólki FSN	30
5	Fjárhagur og rekstur	30
5.1	Styrkleikar	31
5.2	Veikleikar	32
6	Umbætur og tækifæri	32



1 Inngangur

Framhaldsskólum landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a) *Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b) *Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla.*
- c) *Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.*
- d) *Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

Um innra mat segir svo í 41. grein framhaldsskólalaga:

„Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“

Sjálfsmat skóla á því að bæta skólastarfið og finna það sem vel er gert og laga það sem betur má fara. Þau atriði sem ráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir úttekt á sjálfsmatsaðferðum eru m.a. að sjálfsmatið sé:

- a) *Formlegt: Sjálfsmatið skal byggja á kerfisbundnum aðferðum sem settar hafa verið fram skriflega.*
- b) *Altækt: Sjálfsmatið nái til allra helstu þátta skólastarfsins.*
- c) *Áreiðanlegt: Sjálfsmatið byggi á traustum upplýsingum og áreiðanlegum mælingum um mat á skólastarfi.*



- d) *Samstarfsmiðað: Sjálfsmatið sé unnið í samvinnu starfsfólks, nemenda, skólanefndar og foreldraráðs.*
- e) *Umbótamiðað: Sjálfsmatið sé nýtt til að vinna að umbótum í skólastarfinu.*
- f) *Árangursmiðað: Sjálfsmatið byggji sem mest á markmiðum sem eru mælanleg og geri kleift að meta árangur í ýmsum þáttum skólastarfs.*
- g) *Stofnana- og einstaklingsmiðað: Sjálfsmatið þarf að taka til bæði skólans í heild og þeirra einstaklinga sem þar vinna.*
- h) *Lýsandi: Sjálfsmatið feli í sér greinargóða lýsingu á starfsháttum og aðstæðum í skólanum.*
- i) *Greinandi: Í sjálfsmatinu komi skýrt fram greining ástyrk- og veikleikum skólans.*
- j) *Opinbert (að hluta): Megin niðurstöður sjálfsmats komi fram í opinberri sjálfsmatsskýrslu.*

2 Starfsemi skólans

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.

2.1 Námsbrautir í FSN

Samkvæmt nýrri námskrá geta nemendur valið um fjórar námsbrautir til stúdentsprófs: náttúru- og raunvísindabraut, félags- og hugvísindabraut, íþróttabraut og opna braut. Framhaldsskólabrautir 1 og 2



er fyrir nemendur sem ekki ná tilgreindum hæfniviðmiðum til að hefja nám á stúdentsbraut. Starfsbraut er starfandi við skólann fyrir nemendur með fötlunargreiningu.

2.2 Markmið og hlutverk

Einkunnarorð FSN eru framsækinn framhaldsskóli. Allt frá upphafi hefur skólinn unnið allar kennsluáætlanir með það fyrir augum að þær henti hvort sem er dagskóla- eða fjarnemendum. Þessi skipan hefur gert það að verkum að nemendur í dagskóla, framhaldsdeildinni á Patreksfirði og fjarnemendur sem eru í sama áfanga eru allir í sama hópnun. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og í nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfsgagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

Stjórn skólans er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólanefnd markar áherslur í starfi skólans og stuðlar að sem bestri þjónustu við íbúa á starfssvæði skólans og tengslum hans við atvinnu-, félags- og menningarlíf. Skólanefnd staðfestir skólanámskrá, veitir umsögn um árlega starfs- og fjárhagsáætlun auk samráðs og eftirlits með starfi skólans. Við skólann starfar auk stjórnenda ráðgjafi sem sér um náms- og starfsráðgjöf (60%), fjármálastjóri (100%), mannauðsstjóri (25%), deildarstjóri starfsbrautar 100%, deildarstjóri framhaldsdeildar á Patreksfirði 100%, ritari 50%, húsvörður 100%, kerfisstjóri, tveir ræstitæknar (50% og 12,5%), tveir stuðningsfulltrúar (100% og 60%) í Grundarfirði og Patreksfirði og 19 framhaldsskólakennarar í 14 stöðugildum.

Skólinn hefur markvisst unnið að breyttum áherslum sem byggja á því að sinna kennslu hópa þar sem bæði fjarnemendur og staðnemendur stunda nám samkvæmt sömu námskrá. Fjarnemum hefur örlítið fjölgað frá fyrra ári. Skólinn er í samstarfi við Fjarmentaskólann. Fjarmentaskólinn er samstarfsvettvangur þrettán framhaldsskóla á landsbyggðinni. Markmið samstarfsins er að auka framboð náms á framhaldsskólastigi á starfssvæði skólanna og á landinu öllu. Einkum er horft til þess að auka framboð á sérgreinum starfsnámsbrauta. Hver skóli býður einnig upp á fjarnám í almennum bóklegum greinum. Hvað varðar samstarf á milli skólastiga þá var samstarf á milli grunnskóla á



Snæfellsnesi og FSN þar sem 10. bekkjum bauðst að taka áfanga í kjarnagreinum undir stjórn kennara síns skóla og í samstarfi við kennara í FSN. Skólastjórnendur grunnskólanna á Snæfellsnesi ásamt skólastjórnendum FSN funda reglulega og bera saman bækur sínar. Þessi samvinna er ekki síst mikilvæg þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á námsmáti í grunnskólum og á námsbrautum í framhaldsskólum. Um miðjan maí var framhaldsskólahermir í FSN. Þá komu nemendur í 10. bekkjum grunnskólanna á Snæfellsnesi og fengu að vera nemendur í skólanum í einn dag. Þetta er í fimmta sinn sem þessi háttur er hafður á í kynningu á skólanum og hefur verið gerður góður rómur að þessu á meðal nemenda og kennara. Nemendur í Vesturbyggð komu í Framhaldsdeild skólans á Patreksfirði og kynntust skólastarfi þar.

Samvinna framhaldsskóla hélt áfram á vegum Fjarmentaskólans. Samvinnan felst í samstarfi á milli skólanna um hin ýmsu verkefni sem skólarnir þurfa að sinna, reglulegum samráðsfundum svo eitthvað sé nefnt.

Allir nemendur skólans eru innritaðir á námsbrautir sem voru samþykktar í apríl 2017 og hafa verið í reglulegri endurskoðun þegar nýir áfangar hafa verið smíðaðir eða eldri áfangar verið lagfærðir.

Haldið var áfram með innleiðingu á vendikennslu. Kennarar í FSN hafa verið að nýta sér vendikennslu sem hluta af kennsluáðferðum og er það eitt af markmiðum FSN að vendikennsla sé nýtt í skólanum. Vendináam mun tvímælalaust styðja við stefnu skólans sem miðar að því að veita einstaklingsmiðaða þjónustu og stuðning við nemendur. Kennsluhættir miða við sjálfstæði nemenda í vinnubrögðum og byggjast upp á verkefnavinnu. Kennsla á TEAMS hefur færst mjög mikið í vöxt á tímum covid-19. Kennarar og nemendur nýta þennan möguleika og hann býður upp á marga möguleika í fjarnámskennslu.

2.3 Stefna FSN sbr. 31.gr.laga um opinber fjármál

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, bjóða upp á fjölbreytt nám í góðum tengslum við atvinnulífið og búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi. Framtíðarsýn skólans er áhersla á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi



sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfs gagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar.

2.4 Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og við nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara og að þeir nái betri tókum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Í náminu er upplýsingatæknin nýtt á margvíslegan hátt og fléttast hún inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfanga bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn metur vinnu nemenda frá viku til viku.

Á haustönn 2020 reyndi á starfsfólk skólans, rétt eins og annarra, við að skapa sveigjanlegt námsumhverfi fyrir nemendur í ljósi hertra og ólíkra samkomutakmarkana. Einstaklega vel gekk að takast á við samkomubann á vormánuðum 2020, og voru kennarar og nemendur vel undir það búnir að takast á við breyttar aðstæður. Þá gátu nýnemar verið í skólanum nánast alla haustönnina á meðan öðrum nemendum var hleypt í hópum eftir því sem takmarkanir leyfðu. Sjálfsagt hafa fáir framhaldsskólar náð að hafa eins hátt hlutfall nemenda jafn lengi í húsi og í Fjölbrautaskóla Snæfellinga



á haustönn 2020. Kennsla hélt áfram að þróast og kennarar við skólann eru almennt orðnir mjög sjóaðir á TEAMS og öðrum stafrænum og vefmiðuðum kennsluháttum.

2.5 Námsmat

Námsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarmat og því lítið um lokapróf. Samkvæmt skóladagatali fyrir skólaárið 2018-2019 var ekki gert ráð fyrir sérstökum prófdögum heldur er námsmat nú unnið jafnt og þétt alla önnina. Þessi breyting er til komin vegna afar slæmrar nýtingar á prófdögum og í viðræðum við kennara kemur fram að þeir þurfi ekki sérstaka prófdaga lengur heldur vinni þeir samkvæmt hugmyndum um leiðsagnarmat eða leiðsagnarnám. Kennsluhættir skólans eru sífelld til skoðunar í viðhorfskönnunum og kennslukönnunum. Í stað lokaprófa hafa verið lokaverkefnisdagar þar sem nemendur vinna lokaverkefni ýmist í hverjum áfanga eða þvert á áfanga. Markmið þessara lokaverkefna er að nemendur sýni og nýti þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa tileinkað sér í námi. Sagt hefur verið frá vinnu við leiðsagnarmat í skólanum í fyrri sjálfsmatsskýrslum.

Markmið skólans í leiðsagnarmati eru að:

- allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda,
- nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun,
- bæta námsárangur og ástundun,
- minnka brottfall,
- bæta líðan nemenda í skólanum,
- auka samvinnu kennara,
- skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarmats.

Einkenni leiðsagnarmats eru að nemandinn er þátttakandi í námsmatsferlinu og leitast er við að gera námsmatið að órjúfanlegum hluta af námi hans. Matið þarf því að vera innbyggt í kennsluna og kennarar gera ráð fyrir námsmati um leið og kennsla er undirbúin. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera



nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat byggist á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu, skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim. Nemendur fá tækifæri til að meta eigið nám með sjálfsmati svo þeir skilji tilganginn með námi sínu og hvað þarf til að ná árangri.

Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannanir reglulega. Síðan á skólaárinu 2017-2018 hefur ekki verið gert ráð fyrir lokaprófum eða prófum í lotuskilum og hefur það fyrirkomulag verið síðan. Þess í stað fá nemendur tvær umsagnir á hvorri önn og eru þær í bókstöfum. Nemendur fá síðan lokaeinkunn í annarlok og er sú einkunn í tölum.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ýtrasta. Kennarar FSN hafa farið víða og kynnt leiðsagnarmat.

Innan sjálfsmatshópsins höfum við rætt að það sé bæði nauðsynlegt og áhugavert að skoða hvort FSN er að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið í leiðsagnarmati. Við náðum því ekki þetta skólaárið en stefnt er að því að skoða áhrif leiðsagnarmats og áhrif þess að í skólanum eru ekki lengur formleg lokapróf.

2.6 Nýir áfangar og nýjar brautir

Á vorönn 2021 var unnið að nýrri braut, [nýsköpunar og frumkvöðlabraut](#) og nýir áfangar skrifaðir fyrir þá braut.

Á vorönn gerðu FSN og Landbúnaðarháskólinn á Bifröst með sér samning. Landbúnaðarháskóli Íslands og Fjölbrautaskóli Snæfellinga standa saman að námsbraut þar sem nemendur hafa kost á að útskrifast með stúdentspróf frá FSN og búfræðipróf frá Lbhí. [Búfræðilínu á stúdentsbraut](#) er ætlað að veita nemendum undirbúning undir háskólanám í náttúru- og búvísindum og tekur að jafnaði 4 ár. Nemendur taka tvö fyrstu árin (4 annir) í Fjölbrautaskóla Snæfellinga þar sem megináherslan er á



kjarnagreinar til stúdentsprófs og valdar greinar á sviði raungreina. Seinni tvö árin taka nemendur við búfræðibraut Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri. Nemendur brautskrást með stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Snæfellinga og búfræðipróf frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

2.7 Erasmusverkefni

FSN hefur verið þátttakandi í Erasmusverkefninu Science around us. Það er samstarfsverkefni sex skóla í jafnmörgum löndum og mun standa yfir til ársins 2020. Löndin sem taka þátt eru Grikkland, Finnland, Malta, Frakkland, Pólland og að sjálfsögðu Ísland. Nemendur ásamt kennurum hafa farið í ferðir til þessara landa og í febrúar 2020 komu þáttakendur til Íslands og heimsóttu FSN. Umfjöllunarefni í þessu verkefni er orka, umhverfið og loftlagsbreytingar og náttúruvísindi.

Verkefninu lauk í júní. Síðasti fundurinn fór fram á Teams í lok apríl og tóku fjögur útskriftarefnanna þátt í þeirri vinnu sem tók sex daga. Þau eiga heiður skilinn fyrir að mæta klukkan sjö á morgnana til að vera mætt til vinnu með félögum sínum í Evrópu en þar var kominn sumartími.

Samningar um ný Erasmus verkefni eru í smíðum.

2.8 Skólaráð

Skólaráð er starfandi við skólann og hefur skólameistari samráð við skólaráð samkvæmt reglugerð nr.260/2017 um skóladagatal og skipulag skólaársins.

3 Sjálfsmat í FSN

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2020-2021 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun. Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans: [Sjálfsmatsáætlun](#). Sjálfsmat er í höndum



Gæðaráðs FSN sem Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri, María Kúld Heimisdóttir, kennari og Freydís Bjarnadóttir, kennari, skipa.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2020-2021:

Haustönn 2020

- Kennslumat
- Viðhorfskönnun útskriftarnemenda
- Rýnihópur útskriftarnemenda
- Sjálfsrýni kennara
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorfskönnun – líðan
- Brottfall
- Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda
- Ytra mat skóla
- Áætlun um umbætur

Vorönn 2021

- Kennslumat
- Viðhorfskönnun útskriftarnemenda
- Rýnihópur – útskriftarnemenda
- Sjálfsrýni kennara
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Brottfall



- Rannsókn á gengi útskrifaðra nemenda
- Áætlun um umbætur
- Rýnihópur meðal nemenda
- Viðhorfskönnun – aðstaða og skipulag kennslu

3.1 Um námsárangur

Heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og fall eru geymdar í INNU. Skólameistari kannar árangur í einstökum hópum, skimar einkunnir og skoðar nánar þau tilvik sem þarfnast skoðunar, með kennurum eða nemendum. Umsagnir eru gefnar tvisvar sinnum á önn og í lok annar fá nemendur einkunn í tölum. Nemendum sem brjóta reglur skólans varðandi námsárangur er boðið að skrifa undir samning um bættu ástundun. Þetta hefur gefist vel og oft hjálpað nemendum að finna rétta braut í náminu.

3.2 Kennslumat

Þriðjungur kennarahópsins auk nýrra kennara var metinn á á vorönn 2021. Kannanirnar voru rafrænar, í gegnum Google Forms, þar sem nemendur voru beðnir um að nefna a.m.k. eitt atriði sem væri jákvætt við áfangann og eitt atriði sem betur mætti fara. Unnið var úr þessum kennslukönnunum og niðurstöður sendar til skólameistara sem fór yfir niðurstöðurnar með viðkomandi kennara. Kennarar skila áfangaskýrslum til skólameistara í lok annar. Áfangaskýrslu má sjá í **fylgiskjali 1**.

3.3 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti voru ekki gerð sérstök skil af gæðaráði en kennarar vinna sjálfsmat og skila allir kennarar kennsluskýrslu til skólameistara í lok hvernar annar. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar




rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni skýrslunnar er síðan rætt í starfsmannasamtali við skólameistara.

3.4 Stofnun ársins 2020

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hefur tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins undanfarin ár. Könnunin er framkvæmd af Capacent fyrir fjármála- og efnahagsráðuneyti. Rýnt verður í niðurstöður á haustönn 2021 og umbótaáætlun unnin af gæðaráði.

Svarhlutfall í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í starfsmannakönnun Gallup árið 2020 var 76%, en var 90% árið áður. Svarendur voru 26 og fjöldi útsendra lista var 36. Heildarmat var 4,17, sem lækkar úr 4,25 frá árinu áður. Í niðurstöðum kemur fram að starfsandi er góður og fólk er stolt af sinni stofnun.


Tölur í sviga sýna mun á meðaltali stofnunar nú frá meðaltali mælingar síðasta árs:



Af þessu má ráða að almennt breytist viðhorf starfsfólks til ofangreindra þátta sem spurt er út í í könnuninni lítið milli ára. Stærstu breytingarnar verða á viðhorfi til starfsanda og ímynd stofnunarinnar í neikvæða átt, en að sama skapi batnar viðhorf til sveigjanleika vinnu. Vert er að horfa til þess að miðað



er við tölugildi milli 0-5, þannig að meðalskor upp á 4,17 verður að teljast ágætt, þó alltaf megi gera betur. Áberandi eru lægstu gildin er snúa að launakjörum og ímyndstofnunar, sem er eitthvað sem þarf að skoða betur.



Ef bornar eru saman niðurstöður FSN við aðra skóla og svo allar stofnanir sést hvar styrkur stofnunarinnar liggur, en sé m.v. við meðaltal annarra framhalds- og háskóla skarar FSN fram úr í þáttum á borð við vinnuskilyrði og sveigjanleika. Þá er vert að taka það fram að almennt virðist ríkja neikvætt viðhorf til launakjara hjá þeim sem svöruðu könnuninni, en þó er viðhorf til ímyndar stofnunarinnar eitthvað sem, eins og áður segir, þarf að taka til skoðunar.

3.5 Framhaldsskólaláplúsinn

Fjölbrautaskóli Snæfellinga tók ekki þátt í Framhaldsskólaláplúsnum haustið 2020. Ákveðið var að þátttaka skólans yrði annað hvert ár. Með nemendakönnun Framhaldsskólaláplúsins er lagt mat á



námsumhverfi, vikni í námi og líðan nemenda. Niðurstöðurnar eru birtar í nafnlausum samanburði við sambærilega skóla.

3.6 Viðhorfskannanir

Viðhorfskönnun hefur verið lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er meginleg, í formi spurningalista, sem hefur verið sendur nemendum í gegnum LimeSurvey, en frá og með haustönn 2020 hefur gæðaráð verið að prófa aðrar leiðir á borð við Microsoft Forms og Google forms með góðum árangri. Gæðaráð FSN ásamt kennurum skólans og nemendaráði hefur hvatt nemendur til að svara. Gæðaráð FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýninnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi.


Fyrir nokkru síðan var hætt að leggja viðhorfskönnun fyrir alla nemendur á hverri önn. Svarhlutfall hafði þá ekki verið ásættanlegt og lengd könnunar möguleg ástæða lélegrar svörunar nemenda. Könnunin var þá tekin í tvo hluta og aðeins annar hlutinn kannaður á hvorri önn. Skólaárið 2020-2021 var hafður sami háttur og síðustu tvö ár þar sem lögð var áhersla á líðan nemenda á haustönn og á viðhorf nemenda til skólans og þjónustu innan hans á vorönn. Svörun á haustönn 2018 var 35% og á vorönn 2019 31%. Svörun á haustönn 2019 var 47% og á vorönn 2020 var ekki send út könnun. Í ár var annað árið þar sem auk viðhorfskönnunar voru tekin rýnivíðtöl við nemendur allra námsára.

3.7 Viðhorfskönnun haustannar – líðan og þjónusta

Könnunin var stöðluð m.v. kannanir fyrri ára og var fyrst lögð fyrir nemendur í október 2020. Könnunin var þá opin í viku og var svo lögð aftur fyrir og minnt á hana á húsfundi. Alls svöruðu 99 nemendur



könnuninni (61 ókláruð svör), sem gerir 55% svörun meðal allra nemenda. Talsvert há tíðni ósvaraðra kannana er umhugsunarefni.




89% nemenda sem tóku þátt voru mjög eða frekar ánægðir með að vera í FSN (92% árið áður), auk þess sem 90% þátttakenda leið mjög eða frekar vel í skólanum (90% árið áður). Þá voru 90% svarenda á þeirri skoðun að félagslífið í FSN væri frekar eða mjög gott



(90% árið áður). 12% höfðu orðið vitni að einelti í skólanum stundum eða sjaldan (14% árið áður) og jafnframt töldu 4% sig hafa orðið fyrir einelti, sjaldan, stundum eða oft (7% árið áður).

Í ár var ákveðið að bæta við spurningum um fyrirkomulag kennsla, en hún hafði verið með þrennu lagi á önninni sökum breytinga á samkomutakmörkunum. Eftirfarandi súlurit sýnir skoðanir nemenda á þessum mismunandi útfærslum:



Eins og sjá má voru skiptar skoðanir á þessum útfærslum og í opinni spurningu í lokin fengu nemendur færi á að koma með ábendingar um hvað mætti gera til að bæta skólann og þar viðruðu margir skoðanir sínar á einstaka útfærslum. Ekki verður farið nánar út þær hér.



3.8 Þrjú orð sem lýsa FSN - Könnun meðal nemenda

Send var út stutt könnun í tengslum við húsfund í nóvember 2020 þar sem nemendur voru beðnir um að lýsa skólanum í þremur orðum. Könnunin er hluti af vinnu gæðaráðs við að reyna að skýra betur út sérkenni og stefnu skólans. Bárust 27 svör og voru algengustu lýsingarorðin eftirfarandi:

- Þægilegur (7 sinnum)
- Skemmtilegur (6 sinnum)
- Fjölbreyttur (3 sinnum)


3.9 Viðhorfskönnun vegna breyttrar stundaskrár

Viðhorfskönnun vegna breyttrar stundaskrár var send út í febrúar 2021 í kjölfar breytinga sem gerðar voru á stundatöflu á vorönn. Breytingarnar fólust í því að fastar kennslustundir í hverju fagi voru 2x60 mínútur auk 2x60 mínútna verkefnatíma. Í nýju fyrirkomulagi fólst einnig sú breyting að á föstudögum var ekki mæting í hús heldur aðeins verkefnatímar á Teams. Kennari er þannig með tvo 60 mínútna tíma fyrir hvern áfanga sem hann kennir og nemendur hafa því mun meiri aðgang að kennara en bara 2x60 mínútur á viku. Tilgangur könnunarinnar var að kanna hvernig nemendum og kennurum líkaði við þetta breytta fyrirkomulagi. Svarendur tóku afstöðu til þess hvort þau teldu breytinguna hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á gæði náms.




44 nemendur svöruðu könnuninni, 28kvk og 16kk, enginn merkti við valmöguleika: óskilgreint kyn/vil ekki svara.

Nemendur og kennarar voru spurðir hvernig þeim líkaði breytt fyrirkomulag og má sjá svörin myndrænt hér fyrir neðan.



Þeir sem svara því að þeim líki ýmist mjög vel eða vel voru 24/44 en þeir sem segjast líka illa eða mjög illa voru 5/44.

Til að biðja svarendur að taka afstöðu til breytinganna með tilliti til gæði náms voru þau einnig beðin að svara eftirfarandi spurningu: „Finnst þér breytt stundatafla hafa jákvæð eða neikvæð áhrif á gæði náms samanborið við fyrra fyrirkomulag (4 tímar í töflu, 1 styttri verkefnatíma)?“ Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig svörun dreifðist við þeirri spurningu:



Þeir sem segja breytingarnar hafa mun jákvæðari eða nokkuð jákvæðari voru 19/44 á meðan þeir sem segja breytingarnar hafa nokkuð neikvæðari eða mun neikvæðari áhrif voru 12/44.

Þessar niðurstöður benda til almennrar ánægju með breytingarnar.



3.10 Viðhorfskönnun vorannar – nám og kennsla


Seinni hluti viðhorfskönnunar fór fram á vorönn 2021, þar var kannað viðhorf nemenda til náms og kennslu. Svörunin undanfarin ár hefur verið ágæt, vorið 2017 var hún 33,6% og ári síðar 48%. Árið 2019 var þessi viðhorfskönnun ekki framkvæmd vegna Covid, því er enginn samanburður til staðar. Í ár var svörunin 30%.

Varðandi gæði kennslu töldu 76% svarenda kennsluna vera frekar góða eða mjög góða, til samanburðar þótti 97% nemenda kennslan frekar góð eða góð árið 2017. Það má því velta fyrir sér af hverju þróunin er á þennan veg.

Nemendur voru spurðir út í hvernig þeir nýttu verkefnatíma og horft var til þess hversu oft í viku þeir mættu í þá tíma. Stærstur hluti svarenda mætir í verkefnatíma 2-4 sinnum í viku, rúm 40% en 21% mæta fimm sinnum eða oftar í viku. Fjórir svöruðu *Á ekki við þar af tveir fjarnemar, hinir tveir eru staðnemar í Grundarfirði. Staðnemarnir svöruðu báðir „Ég sit alltaf á sama staðnum í skólanum allan daginn og reyni að hitta á kennara ef ég þarf hjálp eða þarf að tala við hann“*. Það má því velta fyrir sér hversu



hátt hlutfall nemenda er ekki að mæta í verkefnatíma heldur velja að sitja og leita eftir aðstoð kennara gerist þess þörf.



Langstærstur hluti svarenda, eða 84%, þótti aðstaða til náms mjög góð eða góð. Athygli vekur að samt sem áður þykir 16% nemenda skólans aðstaðan frekar léleg eða mjög léleg. Hér fengu nemendur tækifæri til að tjá sig frekar hvernig mætti bæta aðstöðu til náms í skólanum. Það voru ekki margir sem nýttu sér þann valmöguleika. Þar kom samt sem áður fram: „halda áfram með verkefna daga á



föstudögum”, „netið er stundum leiðinlegt og það mætti vera meira skipulag og ekki tveir verkefnatímar á hverjum degi. Hafa fasta stundatöflu á föstudögum”, „hafa skilakassa á sunnudögum”

3.11 Viðhorfskönnun útskriftarnema


Viðhorfskönnun var lögð fyrir útskriftarnema á vorönn 2021 og svöruðu 11 nemendur. Tilgangur þessarar könnunar er að skoða viðhorf og upplifun nemenda á skólastarfinu, kennslunni, félagslífinu o.fl.

Niðurstöðurnar sýndu fram á að nemendur voru ánægðir með námsráðgjöfina í skólanum. Hins vegar ríkti ekki eins mikil ánægja með umsjónartíma sem nemendur undir 18 ára þurfa að sækja. Þar kom fram að rúmlega helmingur svarenda (sex talsins) töldu tímana vera gagnlitla eða óþarfa. Nemendur voru á því að andi innan skólans og samskipti við bæði kennara og nemendur væru með besta móti en rúm 95% þeirra svöruðu að samskipti væru góð eða mjög góð.




Hvernig eru samskipti þín við aðra nemendur?

11 svör



Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað starfsfólk?

11 svör



Nemendur voru beðnir um að gefa kennurum, félagslífi og gæðum skólans tölulega einkunn. Kennurum gáfu nemendur einkunnina 8,4. Félagslífinu gáfu nemendur 5,8 og skólinn sjálfur 8,2 . Ætla má að einkunn félagslífsins sé að hluta til skýrð af stöðu mála í samfélaginu með tilkomu Covid-19

Af þeim sem svöruðu myndi stærstur hluti þeirra mæla með FSN við aðra.



3.12 Rýniviðtöl

Tekin voru sex rýniviðtöl á skólaárinu. Tekin voru rýniviðtöl við útskriftarnema í desember 2020 og maí 2021 auk rýniviðtals við nemendur við Framhaldsdeild á Patreksfirði í nóvember 2020 og í febrúar 2021. Þá var tekið rýniviðtal við kennara í nóvember 2020 um stöðu kennara í nýju kennsluumhverfi auk rýniviðtals við nemendur vegna nýrrar stundatöflu í apríl. Í rýniviðtölum er markmiðið að fá betri svörun frá nemendum og starfsfólki. Auk þess eru rýniviðtöl góður vettvangur til þess að kanna betur ákveðna þætti sem vekja athygli gæðaráðs eins og viðhorf þeirra og upplifun af skólanum.

3.13 Rýniviðtal við nemendur í Framhaldsdeild 3. nóvember 2020

Í ljósi breyttra aðstæðna vegna heimsfaraldurs ákvað gæðaráð að kalla til rýniviðtals nokkra nemendur við Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði til að ræða um breyttar aðstæður og áhrif þeirra á samskipti við kennara og félagslíf. Viðtalið fór fram á TEAMS.

Nemendur voru heilt yfir ánægð með samskipti við kennara í fjarnámi, en væri þó persónubundið. Þau voru sammála um að best væri að kennarinn legði inn verkefnið með símtali í “teams call” í fyrsta tíma vikunnar, þá eiga þau oft auðveldara með að skilja verkefnalýsinguna og geta spurt. Einnig voru þau sammála um að það væri sniðugt að taka tímann upp svo þeir sem ekki ná að mæta geti kíkt á hann seinna (t.d. þeir sem eru í árekstri). Þeim fannst margir kennarar hafa bætt sig mikið í samskiptum við þau núna í covid þar sem kennslan fer meira fram gegnum teams.

Þeim fannst sumir kennarar hægir í byrjun covid-kennslu á netinu en kennarar hafi bætt sig mikið í því. Þeim fannst námið/áherslur kennarar svipað, en oft erfiðara eða mikla það fyrir sér því þau eru föst heima. En þau eru mjög hrifin af því að fá innlögnina í samtali og finnst það hjálpa þeim mikið að skilja verkefnið eins og fram kom að ofan.

Hvað félagslífið varðar var það nefnt að það er lítið sem ekkert félagslíf utan skóla, þau voru með einhver plön um viðburði sem dattu út vegna covid. Þau tóku vel í hugmynd um sér nemendaráð við Framhaldsdeildina og formaður þess yrði í nemendafélagi skólans.



3.14 Rýniviðtal við kennara í 16. nóvember 2020

Haldið var rýniviðtal með sjö kennurum miðvikudaginn 18. n. Viðtalið fór fram til jafns á teams og í eigin persónu. Tveir meðlimir gæðaráðs stýrðu viðtalinu og tóku saman.

Almennt er jákvætt viðhorf gagnvart stöðu innan FSN í „ástandinu“. Kennarar við skólann eru tæknilega færir og óhræddir við að prófa sig áfram. FSN er framsækinn framhaldsskóli og tekur reglulega kref í nýjungum. Áframhaldandi þróun til að finna góðan takt og gott jafnvægi í fjarkennslu og maður á mann samskiptum og kynningum/framkomu nemenda. Okkar nemendur hafa komið vel undirbúnir efti skólagöngu í FSN og við megum ekki tapa því í fjarkennslunni.

Styrkleikar skólans eru jákvæðni, tæknilæsi, smæð skólans og nán samskipti. Við getum bætt umgjörð utan um faglegt samráð og faglegt samstarf. Það er þó umtalsvert faglegt starf sem fer fram í skólanum t.d. í verkefnatímum og í samkennslu áfanga. Smæðin er þarna kostur, við erum oft að hittast og bera saman bækur okkar.

Hvað varðar veikleika skólans, þá er ekki mikið sem kom fram í rýniviðtölum við kennara. Kannski smæðin, nálægð á milli nemenda og kennara og mikil og því líkur á að aðstoðin verði of mikil eða slakinn of mikill. Það er líklega einstaklingsbundið milli kennara. Smæðin hefur áhrif á að fagþekking kennara er ekki nægjanleg í öllum greinum. Sérstakar áhyggjur af náttúrufræði þar sem erfitt er að ráða kennara með fullnægjandi sérhæfða menntun í ýmsar raungreinar. Það eru þó tækifæri í því að fá fjarkennara.

Kennarar eru sammála um það að við vinnum eftir leiðsagnarmati/leiðsagnarkennslu umfram allt annað. Mikil og góð leiðsögn og endurgjöf fyrir vinnu nemanda. Það er þó undir nemandanum komið að nýta það. Það er misjafnt eftir einstaklingum. Það þarf mögulega að skerpa á vettvangi þar sem kennarar geta deilt sínum námsmatsaðferðum með öðrum kennurum. Það stendur til bóta þar sem nú hafa verið skipaðir þrír fagstjórar en þeir munu funda reglulega með fagkennurum.

3.15 Rýniviðtal við útskriftarnema haustönn 2020

Eins og hefð hefur verið fyrir var tekið rýniviðtal við útskriftarnema við lok annar. Sex nemendur þáðu boð um þátttöku og var viðtalið tekið í húsnæði skólans þann 15. desember 2020. Rýniviðtöl við



útskriftarnema á hverri önn koma inn á svipuða þætti í hvert skipti, þó að spurningar séu alltaf endurskoðaðar og sniðnar að hópnum hverju sinni, þá aðallega á meðan á viðtalinu stendur. Lagt er upp úr því að spyrja út í nám- og kennsluaðferðir, námsmat, félagslíf samskipti og þá hvort eitthvað sé sem betur mætti fara.

Nemendur voru ekki ýkja jákvæðir á ágæti námsins við FSN, töldu óvíst hvernig það kæmi til með að nýttast þeim á næsta skólabrepi, þá helst að ekki væru til staðar lokapróf til þess að æfa sig fyrir þau á háskólastigi. Engu að síður, þegar leið á viðtalið viðurkenndu nemendur að þetta fyrirkomulag væri á margan hátt gott og gæti nýst í framtíðinni. Þá gæti áherslan á hæfni nemenda í að koma fram verið góður undirbúningur fyrir frekara nám og jafnframt í starfi.

Nemendur voru ekki sammála um hversu háar kröfurnar væru í námi við FSN, en viðmælendur höfðu heldur ekki reynslu úr öðrum skólum til að miða við, nema úr einstaka áföngum. Skiptar skoðanir voru á því hvort FSN væri betri eða verri skóli en aðrir, en líklega hefðu allir skólar sína kosti og galla.

Viðmælendur ræddu þá um fagmennsku kennara við skólann sem þeir töldu skorta. Sumir kennarar séu ekki nægilega duglegir að uppfæra námsefni og verkefni og geri jafnvel upp á milli nemenda.

3.16 Rýniviðtal við nemendur við Framhaldsdeild FSN í febrúar 2021

Meðlimir gæðaráðs FSN fóru í heimsókn í Framhaldsdeild FSN á Patreksfirði dagana 8.-10. Febrúar 2020. Heimsóknin var liður í vinnu kennara sem eru hvattir til þess að fara til Patreksfjarðar og kenna þar, hitta nemendur og skipta um umhverfi. Kölluðu meðlimir gæðaráðs nokkra nemendur til rýniviðtals þriðjudaginn 9. Febrúar.

Almennt voru nemendur við Framhaldsdeild á Patreksfirði ánægðir með stöðu mála. Heimsfaraldur hefur að sjálfsögðu sett strik í reikninginn í daglegu skólalífi en svo virðist sem að breyttar aðstæður hafi orðið til þess að kennarar hafi bætt sig í rafrænum samskiptum við nemendur sína. Það kemur nemendum á Patreksfirði til góða. Heimsóknir kennara í framhaldsdeildina eru kærkomnar og mættu vera fleiri að þeirra sögn. E.t.v. gæti það aukið á skólabrag framhaldsdeildarinnar, hvetja nemendur til að mæta í skólann fremur en að vinna heima, sem hefur með tilkomu TEAMS orðið algengara, og stytta



bilið milli kennara og nemenda. Almenn ánægja var með stundartöflu og vert væri að skoða áfram fleiri rafrænar leiðir til að auka samskipti og félagslíf milli nemenda yfir fjórðinn. Hvað náms- og kennsluaðferðir varðar var talað um að ágætt væri að fjölga skapandi og „skemmtilegum“ verkefnum, sem gætu skilið meira eftir sig.

3.17 Rýniviðtal við nemendur vegna nýrrar stundatöflu í apríl 2021

Í apríllök 2021 voru fjórir nemendur boðaðir í rýniviðtal vegna nýrrar stundatöflu sem tekin hafði verið í gagnið í janúar 2021. Fólst breytingin helst í því að engin eiginleg kennsla er skv. Stundatöflu á föstudögum, heldur eru þeir hugsaðir sem vinnudagar. Þá voru kennslustundir lengdar upp í 60 mínútur og þeim fækkað í stundatöflu. Að sama skapi var verkefnatímum fjölgað. Tilgangur viðtalsins var að bæta skilning á viðhorfi nemenda til þessa fyrirkomulags, en gerð hafði verið spurningakönnun fyrr á önninni. Þannig væri hægt að fá bæði almennar skoðanir og nákvæmari persónulegar skoðanir nemenda frá fyrstu hendi.

Það sem nemendur höfðu að segja um þessa nýju stundaskrá var m.a. það að með tilkomu hennar hafi skapast fleiri og stærri eyður í stundatöflur, sem nemendur geta ýmist nýtt sér til að stunda félagslíf eða vinna í sínum verkefnum. Þetta eykur frelsi en getur að sama skapi slitið daginn eitthvað í sundum eða hvatt nemendur til að sleppa úr tíma til að t.d. sofa út. Þetta kallar á sjálfstæði í vinnubrögðum, sem er eitthvað sem skólinn kallar eftir. Mögulega eru nemendur við Framhaldsdeild vanari því að þurfa að treysta á eigið sjálfstæði og því vel til þess fallnir að stunda nám í þessu umhverfi. Þessi minnkaða tímasókn gefur nemendum frelsi frá því að sitja tíma sem þeir þyrftu alla jafna ekki aðstoð í. Kannski þrír tímar séu hinn gullni meðalvegur. Með tilkomu teams er e.t.v. ekki þörf á jafn mörgum skipulögðum verkefnatímum.

Eitthvað virðist bera á því að nemendur séu að nota föstudagana sína í launaða vinnu, og nemendur virðast oft á tíðum ekki nýta tímann sem þeir eru í húsi til þess að sinna náminu. Þeir sinni því frekar



heima. Þetta er ekki eitthvað sem er bein afleiðing þessa nýja fyrirkomulags, heldur hefur þekkt fyrir það.

Það var skoðun nemenda að það fer eftir eðli áfanga og námsefnis hversu margir tímar væru æskilegir í stundatöflu, auk þess sem óánægja var með að árekstrar skyldu enn vera fyrir í töflum nemenda þrátt fyrir færri tíma. Lengd tímanna var einnig nefnt sem ókostur, þar sem lengd þeirra sé of mikil til að halda einbeitingu, og það myndi bæta að þeir væru jafnvel bara 10 mínútum styttri.

3.18 Rýniviðtal við útskriftarnema vorönn 2021

Síðast en ekki síst voru útskriftarnemar á vorönn 2021 fengnir í viðtal. Alls þáðu fimm nemendur boð í rýniviðtal sem var tekið á TEAMS mánudaginn 10. Maí. Lagt var upp úr því að spyrja út í nám- og kennsluaðferðir, námsmat, félagslíf samskipti og þá hvort eitthvað sé sem betur mætti fara.

Nemendur voru einróma á því að bæði væri það stressandi tilhugsun að taka næsta skref á ferlinum auk þess sem að þeim fannst leiðinlegt að hafa ekki fengið að upplifa félagslífið eins og þau hefði viljað núna í ljósi heimsfaraldurs. Það hafi haft áhrif á upplifun þeirra á framhaldsskólaárunum. Annars hafi samskipti við kennara og starfsfólk verið mjög góð og andinn í skólanum einnig.

Námslega séð töluðu nemendur um að leiðsagnarmatsformið hafi hentað þeim vel – skipulag á verkefnaskilum, endurgjöf kennara og umsagnir hafi allt nýst þeim vel. Þó þurfi e.t.v. að fastsetja þann tíma sem tekur fyrir endurgjöf að berast, svo verkefni safnist ekki upp því án endurgjafar er ómögulegt að vita hver staða nemandar er. Allt í allt sé nám við FSN búið að undirbúa þau fyrir næsta skref, þó þau þurfi e.t.v. að læra að taka stór lokapróf, sem ætti ekki að vefjast fyrir þeim.

Það er vert að vekja athygli á því að það sem fram kom í rýniviðtalinu endurspeglar mjög vel niðurstöður viðhorfskönnunarinnar, þar sem meginþorri þátttakenda var bæði ánægður með námið og starfsfólk skólans, en var ekki jafn ánægt með stöðu mála í félagslífinu.



4 Húsfundir með nemendum og starfsfólki FSN

Skólaárið 2020-2021 fóru fram fjórir húsfundur í skólanum með nemendum og starfsfólki. Í ljósi aðstæðna var ákveðið að reyna á þann möguleika að hafa húsfundina fleiri á þessu skólaári og hafa þá í gegn um TEAMS, þar sem öllum nemendum og starfsfólki var boðið til þátttöku rafrænt. Með því var reynt að koma til móts við ólíkar aðstæður fólks, sem og hertar samkomutakmarkanir.

Efni þessara fjögurra funda var fjölbreytt og með misjafna áherslu:

27. október var haldinn fyrsti rafræni húsfundurinn í FSN. Hann gekk á margan hátt vel, en tæknileg útfærsla var ekki eins góð og hún hefði þurft að vera. Þrátt fyrir það tóku nemendur þátt að nokkru leiti og var þessi frumraun mjög góður skóli í framkvæmd rafrænna fjöldafund fyrir meðlimi gæðaráðs. Megininntak fundarins var staða mála í breyttu náms- og kennsluumhverfi vegna heimsfaraldurs.

2. desember var haldinn húsfundur þar sem farið var yfir fyrirhugaðar breytingar á stundaskrá, sem og að niðurstöður viðhorfskönnunnar haustið 2020 voru kynntar.

7. janúar var haldinn stuttur upplýsinga-húsfundur í upphafi annar. Var hann ætlaður til þess að auka upplýsingaflæði til nemenda og jafnframt að gefa þeim færi á að tjá sig.

13. apríl hélt nemendafélagið húsfund sem var ætlaður sem tækifæri fyrir nemendur til að koma sínum skoðunum og málefnum á framfæri.

5 Fjárhagur og rekstur

Í FSN er alltaf unnið með það í huga að halda fjárhagslegri stöðu skólans í jafnvægi á hverjum tíma þ.e. að kostnaður við rekstur skólans fari ekki fram úr fjárheimildum sem honum eru ætlaðar á hverjum tíma. Þetta markmið náðist því miður ekki árið 2020. Helstu ástæður fyrir því voru m.a. að skólinn tók yfir rekstur á mótuneyti og það reyndist vera mjög kostnaðarsamt og launakostnaður vegna veikinda



fór fram úr áætlun. Þá voru ýmis verkefni tengd jafnlaunavottun, skjalastjórnun og COVID 19 dýr og ekki gert ráð fyrir þeim í áætlunum.

1 Styrkleikar, veikleikar og úrbætur

Í ytri úttekt sem gerð var haustið 2020 var bent á ákveðna styrkleika og veikleika og hefur verið unnið að því að bæta úr veikum þáttunum eftir megni. Einnig er unnið að úrbótum þegar einhverjir veikleikar koma upp í innra mati skólans.

5.1 Styrkleikar

Styrkleikar FSN eru fjölmargir. Það kemur fram í innri úttekt, viðhorfskönnunum, niðurstöðum í stofnun ársins og rýnihópum að andinn í skólanum er góður og líðan nemenda er almennt góð. Samskipti milli nemenda og starfsfólks eru góð og nemendur upplifa samskipti á þeim vettvangi alla jafnan sem sanngjörn og lýðræðisleg. Fagmenntaðir kennarar annast kennslu í nær öllum áföngum og kennslustundir eru skipulagðar með því markmiði að þær nýtist jafnt nemendum í staðnámi og fjarnámi. Við skólann starfar vel menntað fólk sem hefur metnað fyrir hönd skólans og námsárangri nemenda sinna.

Það kom þess utan mjög skýrt í ljós þegar aðstæður alls skólasamfélagsins breyttust í samkomubanni sem tók gildi 13. Mars 2020 hve vel undirbúnir kennarar og starfsfólk skólans var að takast á við breyttar aðstæður. Kennarar skólans eru sérlega tæknilega sinnaðir auk þess að vera nýjungagjarnir og sveigjanlegir sem skipti sköpum þegar allt nám færðist yfir í fjarnám. Eins og áður hefur komið fram hér í að ofan þá voru kennarar og nemendur vel í stakk búnir til þess að takast á við þær áskoranir sem heimsfaraldur hafði í för með sér. Samkomubannið á vordögum 2020 var góður skóli, þrátt fyrir að ekkert gæti undirbúið nemendur og kennara fyrir það öldurót sem haustönn 2021 hafði í för með sér. Engu að síður sýna gögnin sem gæðaráð safnaði saman að bæði kennarar og nemendur voru ánægðir með hvernig leyst var úr þeim vandamálum og áskorunum sem komu upp. Það er enn heldur til marks um aðlögunarhæfni og samheldni starfsfólks og nemenda að hægt var að færa árs hátíð skólans á vorönn 2021 fram um einn dag svo hún félli ekki niður vegna samkomutakmarkana sem settar voru nokkuð



Óvænt fyrir páska. Við skólann er sveigjanlegt, hugmyndaríkt og duglegt fólk við starf og nám og vílar ekki fyrir sér að vinna saman þó á móti blási.

5.2 Veikleikar

Á haustönn 2020 fór skólinn eins og áður segir í gegn um ytra mat. Þar komu fram ýmis tækifæri til umbóta og má telja sum þeirra til veikleika innan stofnunarinnar, auk þess sem fylgja þarf eftir téðri stefnumótun. Þar er nefnd þörfin fyrir það að skerpa á stefnumiðum, megingildum og framtíðarsýn skólans og um leið að aðkoma haghafa sé tryggð við stefnumótun. Þetta hefur verið í vinnslu s.l. tvö ár og verður áfram á dagskrá á haustönn.

Starfsemi skólaráðs og skólanefndar þarf að gera skilvirkara og markvissara og þá þarf að aðgæta framvindu í innra mati skólans, með því að bera saman gögn milli ára og setja fram á myndrænan hátt. Það hefur verið stefna gæðaráðs að vinna eftir einmitt þeim formerkjum á liðnu skólaári. Einnig er foreldraráð óvirkt og hefur verið og þarf að leita leiða til að laga það.

Þá þarf að passa upp á að nemendur og kennarar vinni eftir stefnu skólans í náms- og kennsluháttum og að þeim sé viðhaldið, og meta ávinning nemenda af því fyrirkomulagi sem skólinn einsetur sér að vinna eftir - leiðsagnamati.

6 Umbætur og tækifæri

Við höfum samstarf á milli skólastiga á Snæfellsnesi. Þrjár fundir voru haldnir með skólastjórnendum á Snæfellsnesi og samstarf næsta vetrar skipulagt. Eins og áður fóru skólameistari og námsráðgjafi á fundi með foreldrum á öllu upptökusvæði skólans og námsráðgjafi hitti alla nemendur 10.bekkjara á svæðinu. Á vorönn höfum við framhaldsskólahermi í skólanum en þá er öllum nemendum 10.bekkjara á upptökusvæði skólans boðið að koma og vera nemendur í FSN einn dag. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá nemendum, foreldrum og starfsfólki og er nú orðinn fastur liður í starfsemi skólans.

Samstarf í Fjarmentaskólanum hefur haldið áfram og hafa skólar skipt nemendum á milli sín, þ.e. ef FSN býður ekki upp á áfanga sem nemenda vantar í námsferilinn sinn, þá býðst honum að sækja nám í



einhverjum af hinum Fjarmentaskólunum. Þetta samstarf er líka mikilvægur vettvangur þar sem stjórnendur í þessum skólum hittast á símafundi reglulega allan veturinn.

Í lok vorannar hófust viðræður við íþróttafélög á svæðinu um stofnun íþróttakademíu við FSN. Sú vinna mun halda áfram á haustönn og ef vel tekst til mun það verða lyftistöng fyrir FSN og íþróttastarf á Snæfellsnesi.

Í sjálfsmatsskýrslu 2015 var formleg stefna skólans og efling mannauðs m.a. nefnd til veikleika. Haustið 2019 var ráðinn mannauðsstjóri í 25% stöðu sem hefur það m.a. á sinni könnu að vinna að stefnumótun fyrir skólann, auk þess sem hann sinnir móttöku nýrra starfsmanna, fræðslumálum og öðru. Má því telja úrbætur á því sviði hafnar. Þá var stefnumótun unnin fyrir skólaárið 2020-2021 auk þess sem hafist var handa við heildræna stefnumótun fyrir stofnunina á vinnudögum kennara vorið 2021.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er með hóp starfsmanna sem hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og er stolt af þeirri vinnu sem er unnin hér. Frá og með haustönn 2021 verða allir kennarar með kennsluréttindi.



Fylgiskjal 1 – ÁfangaskýrslaF

Áfangaskýrsla kennara

Ég bið ykkur um að senda skólameistara áfangaskýrslu í síðasta lagi 31.maí.
Hver kennari skilar skýrslu um hvern áfanga sem hann kennir á önninni.

Áfangi	Önn	Kennari
	V 2021	

1. Stutt skýrsla um kennsluna og yfirferð námsefnis:
2. Hvað viltu segja um kennsluna eftir að stundatöflunni var breytt á vorönn, þ.e. tveir fastir tímar í áfanga og verkefnatímar á föstudögum:
3. Námsmat/Dreifing einkunna – skýrsla úr INNU.
 - a. Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag):
 - b. Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag):
 - c. Hlutfall nemenda með falleinkunn:
 - d. Meðaleinkunn:
 - e. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU):

Annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi áfangann, hverju ætti að breyta og hvað hefur gengið vel.


- a. Vegna fagsins (kennsluáætlun, kennsluefni, skipulag áfangans, yfirferð, námsmat o.þ.h.)
- b. Vegna annars (aðstaða, töfluskipulag, kennsla að heiman o.þ.h.)

Hvaða þrjú orð lýsa FSN best?

Áritun kennara: _____ Dags: _____

Áritun skólameistara: _____ Dags: _____

Skýrslan tekin fyrir á fundi: _____



Fylgiskjal 2

[Hér er slóð á skýrslu úttektaaðila á ytra mati í FSN](#)